

Erindi dagsett 3. Október 2022 þar sem Gísli Reynisson f.h. 66 norður ehf. sótti leyfi fyrir endurbyggingu Suðurgötu 49 á Siglufirði, var grenndarkynnt í samræmi við 1. og 2. málsgrein 44.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og ábendingar bárust frá tveimur aðilum. Lögð fram tillaga tæknideildar að svörum við innsendum athugasemdum:

1. Guðbjörg Sjöfn Eggertsdóttir, eigandi miðhæðar Suðurgötu 51. Dagsett 8. nóvember 2022.

a) Neitar að samþykkja þær breytingar sem fela í sér að setja svalir og kvist á austurhlið Suðurgötu 49. Segir það muni skyggja á útsýni sitt yfir bæinn og loka fyrir kvöldsól.

Einn gluggi er á norðurhlið Suðurgötu 51 sem tilheyrir íbúð miðhæðar og eru fyrirhugaðar breytingar sem kynntar voru í grenndarkynningunni taldar hafa mjög óveruleg áhrif á útsýni úr þeim glugga. Breytingarnar eru ekki taldar hafa áhrif á útsýni úr öðrum gluggum íbúðarinnar. Áhrif svala og kvists á útsýni norðurglugga eru taldar mjög óverulegar vegna afstöðu húsanna við Suðurgötu 49 og 51. U.þ.b. 16 metrar eru á milli suðurgafls Suðurgötu 49 og norðurgafls Suðurgötu 51 og einnig stendur Suðurgata 49 neðar í götunni og örlítið innar á lóðinni en Suðurgata 51.

2. Hafsteinn Hafsteinsson, eigandi jarðhæðar Suðurgötu 51. Dagsett 10. nóvember 2022.

a) Bent er á að undir liðnum „Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna“ Er talað um að nota 2xflokkun á sorptunnunum en í Fjallabyggð er flokkað í þrjár tunnur. Ekkert er svo fjallað um hættulegu efnin.

Ábendingu verður komið til hönnuða.

b) Samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir utanáliggjandi reyk háf en ekkert fjallað um hann með teikningunum nema hvað háfurinn og eldstæðið á að uppfylla viðeigandi kröfur í byggingarreglugerð. Háfurinn virðist vera í mismunandi hæð yfir hæsta punkt (K9,7m). Ekki er talað um hverju skal brenna í þessu eldstæði. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við reyk háfurinn þar sem reykurinn leitar í átt að Suðurgötu 51 í N-átt með þeim afleiðingum að ólíf gæti verið í íbúðum hússins vegna reyks og lyktar. Þar sem reyk háfurinn stendur lægra en Suðurgata 51 má búast við miklum óþef ef verið er að brenna eitthvað í eldstæðinu.

Ábendingu verður komið til hönnuða ásamt umsögn slökkviliðsstjóra frá 21.11.2022.

c) Gerðar eru athugasemdir við að klæða húsið með bárujárn í stað þess að halda í upprunalegt útlit hússins. Ekki er fjallað um litaval á bárujárninu og er gerð athugasemd við það.

Ekki er gerð krafa um verndun Suðurgötu 49 skv. húsaskráningu Siglufjarðar frá árinu 2017. Hönnuðir hafa þó haldið í steypuhalla/brandmúr á göflum hússins sem talið er hafa menningarsögulegt gildi á Siglufirði skv. fyrrnefndri húsaskráningu. Gluggar munu verða smíðaðir skv. leiðbeiningum Minjastofnunar um gerð og útlit glugga frá þessu tímabili. Bárujárn er talið falla ágætlega að útliti eldri húsa í þessum byggingarstíl og eru fordæmi fyrir því víða í sveitarfélaginu. Ekki var gerð krafa um litaval í byggingarlýsingu.

d) Athugasemd er gerð við að einungis sé gert ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóðinni þar sem um er að ræða hús með fimm svefnherbergjum. Ætla má að bílafloti eigenda og gesta hans verði lagt við Suðurgötu sem auðveldar ekki íbúum við Suðurgötu 51 að leggja ökutækjum sínum sem næst sinni fasteign sem er með 3 íbúðum.

Við Suðurgötu 49 og 51 eru í dag engin skilgreind bílastæði. Verið að fækka íbúðum Suðurgötu 49 úr tveimur í eina. Það verður því að teljast jákvætt að til viðbótar við það svæði

fyrir framan Suðurgötu 49 (við vesturhlíð), þar sem eigendur Suðurgötu 49 myndu leggja bílum sínum í dag, koma tvö ný bílastæði fyrir austan hús. Fækkun íbúða og fjölgun bílastæða við Suðurgötu 49 ætti því ekki að hafa neikvæð áhrif á núverandi stöðu bílastæða við Suðurgötu 51.

e) Gerð er athugasemd við að neðri svalir eru stærri en efri svalir, 1.6m að dýpt.

Athugasemd móttokin.